

**SAMSTARFSSAMNGUR MILLI SVEITARFÉLAGANNA ÁRNESHREPPS, DALABYGGÐAR,
KALDRANANESHREPPS, REYKHÓLAHREPPS OG STRANDBYGGÐAR UM EMBÆTTI SKIPULAGS- OG
BYGGINGARFULLTRÚA**

1.gr. Aðilar samnings

Sveitarfélögin Árneshreppur, Dalabyggð, Kaldrananeshreppur, Reykhólahreppur og Strandabyggð, hér eftir nefnd samstarfssveitarfélögin, gera með sér eftirfarandi samning um samstarf um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa.

2.gr Tilgangur og lögbundin verkefni sem heyra undir samninginn.

Tilgangur þessa samstarfssamnings er að fela Dalabyggð og Strandabyggð að annast eftirfarandi lögbundin verkefni. Nánari útlitun á verkaskiptingu sveitarfélaganna kemur fram í 4 gr. þessa samnings.

- a. Lögbundin verkefni byggingarfulltrúa samkvæmt lögum um mannvirki nr.160/2010 með síðari breytingum, byggingarreglugerð nr. 112 2012 með síðari breytingum og öðrum lögum og reglugerðum um verkefni byggingarfulltrúa.
- b. Lögbundin verkefni skipulagsfulltrúa samkvæmt skipulagslögum nr.123/2010 með síðari breytingum,

Ekki er hægt að skuldbinda sveitarfélögin umfram það sem tiltekið er í samningi þessum. Komi til ítarlegri lýsing á hlutverki samningsins eða verkefnum bætt við samninginn verður það aðeins gert með samþykki allra samstarfssveitarfélaganna.

3.gr. Samningar við einkaaðila

Leita skal samþykkis allra samstarfssveitarfélaganna við samingagerð við einkaaðila um þjónustustarfsemi sbr. 100 gr. sveitarstjórnarlaga.

4.gr. Stjórnskipulag

Samstarfssveitarfélögin eru sammála um að fela annars vegar Dalabyggð að sjá um lögbundin verkefni skipulagsfulltrúa og hins vegar að fela Strandabyggð að sjá um lögbundin verkefni byggingarfulltrúa.

Þeir starfsmenn sem vinna að þeim verkefnum sem heyra undir samning þennan skulu vinna þau í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga nr.138/2011 um meðferð mála, skyldur og réttindi stjórnarmanna, starfslið, fjármál og stjórnsýslueftirlit, auk þess að fylgja almennum reglum sem gilda um framkvæmd verkefna sveitarfélaga.

Sveitarfélögin skipta með verkum varðandi framkvæmd samnings þessa með eftirfarandi hætti

- a. Dalabyggð ræður skipulagsfulltrúa í 100% starf og Strandabyggð byggingarfulltrúa í 100% starf. Skulu þessir starfsmenn annast verkefni byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa fyrir samstarfssveitarfélögin og eins þau eru skilgreind í lögum og í samræmi við reglur samstarfssveitarfélaganna og samkvæmt ákvörðunum skipulags- og byggingarnefnda og sveitarstjórna samstarfssveitarfélaganna.
- b. Starfsstöð skipulagsfulltrúa verður á skrifstofu Dalabyggðar í Búðardal en gert er ráð fyrir viðveru hans á skrifstofum hvers samstarfssveitarfélags með fyrir fram ákveðnu skipulagi þannig að íbúar og stjórnendur geti gengið að honum vísun. Leitast skal við að samnýta ferðir fyrir fleiri en eitt sveitarfélag. Sveitarstjóri Dalabyggðar er enn fremur yfirmaður skipulagsfulltrúa í daglegum störfum en honum er skylt að taka fyrir mælum frá forsvarsmönnum samstarfssveitarfélaganna þegar hann er að vinna verk fyrir þau.
- c. Starfsstöð byggingarfulltrúa verður á skrifstofu Strandabyggðar á Hólmarvík en gert er ráð fyrir viðveru hans á skrifstofum hvers samstarfssveitarfélags með fyrir fram ákveðnu skipulagi þannig að íbúar og stjórnendur geti gengið að honum vísun. Leitast skal við að samnýta ferðir fyrir fleiri en eitt sveitarfélag.

Sveitarstjóri Strandabyggðar er enn fremur yfirmaður byggingarfulltrúa í daglegum störfum en honum er skylt að taka fyrirmælum frá forsvarsmönnum samstarfssveitarfélaganna þegar hann er að vinna verk fyrir þau.

- d. Skipulagsfulltrúi og byggingarfulltrúi skulu hafa með sér samstarf um verkefni og m.a. skal leitast við að þeir séu ekki fjarverandi vegna orlofs á sama tíma.

5.gr. Rekstur og fjármál.

Dalabyggð, vegna skipulagsfulltrúa, og Strandabyggð, vegna byggingarfulltrúa leggja fjárhagsáætlunir fyrir sveitarstjórnir samstarfssveitarfélaganna í október á hverju ári fyrir komandi ár. Geri samstarfssveitarfélögin ekki athugasemd við fjárhagsáætlunina fyrir 1. desember telst hún samþykkt af viðkomandi sveitarstjórn. **Uppgjör fer fram í lok hvers árs og er lagt fyrir sveitarstjórnir samstarfssveitarfélaganna til samþykktar.**

Dalabyggð, vegna skipulagsfulltrúa, og Strandabyggð, vegna byggingarfulltrúa bera kostnað af starfsstöð hvors um sig. Þessi sveitarfélög annast fjárreiður og bókhald vegna embætta skipulags- og byggingarfulltrúa.

Byggingarfulltrúi annars vegar og skipulagsfulltrúi hins vegar skulu skrá tíma sem unnir eru fyrir hvert sveitarfélag.

Rekstrarkostnaður **umfram greiðslu skv. tímaskráningu**, að frátöldum þeim kostnaði sem Dalabyggð og Strandabyggð bera skv. annarri málsgrein, greiðist í samræmi við íbúafjölda og fasteignamat samstarfssveitarfélaganna 1. desember næstliðins árs.

Rekstrarkostnaður eins og launakostnaður greiðist ársfjórðungslega til Dalabyggðar og Strandabyggðar samkvæmt **fjárhagsáætlun tímaskráningu**. **Rekstrarkostnaður skv. fjórðu málsgrein greiðist í árslok í samræmi við uppgjör hvers árs**

Ef um er að ræða umfangsmikil verkefni sem kalla á vinnuframlag skipulagsfulltrúa eða byggingarfulltrúa umfram það sem eðlilegt getur talist skv. greiðsluþátttöku samstarfssveitarfélags ber því að tryggja viðbótarstarfskrafta vegna viðkomandi verkefnis og bera þann kostnað sem því fylgir.

~~Vilji sveitarfélag hætta samstarfi samkvæmt samningi þessum skal það tilkynna það öllum samstarfssveitarfélögum með sex mánaða fyrirvara og skal uppsögnin miðast við áramót.~~

Launakostnaður vegna annarra verkefna en lögbundinna verkefna skipulags- og byggingarfulltrúa og verkefna sem falla utan starfslýsinga, sem eru viðaukar með samningi þessum og teljast hluti hans, greiðist miðað við tímaskráningu starfsmanna. **Samræmist þetta gr.2 eða þurfum við að taka viðauka inn í samninginn ?**

6.gr. Gjaldskrár.

Hvert sveitarfélag setur gjaldskrá fyrir þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa.

7.gr. Breytingar á samningi, gildistaka og slit samnings

Samningur þessi tekur gildi við undirskrift allra sveitarfélaganna sem eru aðilar samningsins. Hann gildir frá **1. janúar 2022 undirskrift til ársloka 2024**. Segi samstarfssveitarfélögin samningnum ekki upp framlengist hann um eitt ár í senn.

Ákveði sveitarfélag sem er aðili að samningnum að segja sig frá honum skal það tilkynnt með að minnsta kosti sex mánaða fyrirvara og tekur gildi um næstkomandi áramót.

Breytingar á samningi þessum þarfnast samþykktar allra samstarfssveitarfélaganna. Samninginn skal endurskoða ef breytingar verða á lögum eða reglum sem hafa áhrif á samninginn.

Rísi mál út af samningi þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórna.

_____	_____
_____	_____
_____	_____

Viðaukar við samstarfssamning þennan:

- I. Kostnaðarskipting miðað við 1. desember 2018**
- II. Starfslýsing byggingarfulltrúa**
- III. Starfslýsing skipulagsfulltrúa**

